

Þess skal þá fyrst getið, að úr málinu um reikning á brennivínsgjaldinu af brennivíni því, er flutt var til Íslands með skipinu Draxholm, er skorið með brjefi ráðgjafans til landshöfðingjans yfir Íslandi frá 26. f. m., er þessu brjefi fylgir ágríp af, og að það er mis- skilningur, er þjer haldið, að ekki sje keypt sjóleidarbrjef handa Arcturus, og á því grein sú í tilskipun 26. febr. 1872, er þjer vitnið í, ekki við í þessu efni. Í annan stað skal eigi undanfellt að tjá yður þjónustusamlega, að ráðgjafinn á ekki með að gjöra neina undantekningu undan reglu þeirri, er sett er í fjrtjødum lögum, og er því eigi fær um að gjöra neitt í tjeðu efni.

113
10. júní.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til kaupmannanna P. C. Knudtzon & Sön í Kaupmannahöfn um vínfanga- og tóbakstoll.* — Í 2 brjefum til ráðgjafans, dags. 11. þ. m., hafið þjer enn að nýju borið yður upp undan því, að tollur af áfengum drykkjum með skipinu Draxholm og póstgufuskipinu Arcturus, er skilríki voru sýnd fyrir í Reykjavík, en ölföngin affermd í Hafnarfirði, hafi verið reiknaður eptir lögnum frá 11. febr þ. á. í stað tilsk. 26. febr. 1872.

114
23. ágúst.

Brjef þessi eru rituð með svo löguðum blæ, að ráðgjafinn hefir verið í vafa um, hvort rjett væri að svara þeim. Auk þess eru að efninu til ekki fram komnar neinar skýringar, er geti leitt að annari niðurstöðu, en ráðgjafinn hefir komizt að áður. Ráðgjafanum virðist því óþarfi að fara lengra út í það, sem í tjeðum brjefum stendur, en þykir þó rjettast að svara einu atriði, er yður virðist þykja mjög mikið í varið.

Þjer hafið sem sje haldið stöðugt fram þeirri kröfu, að fyrirmælum 4. greinar í tilsk. 26. febr. 1872 sje beitt við póstgufuskipið, en ekki fyrirmælum 2. greinar í sömu tilskipun, og hafið máli yðar til sönnunar bent á aðferð þá, sem höfð hafi verið við Díönu bæði að undanförmu og einkum þetta ár. En yður getur ekki verið ókunnugt um, að þjer hafið sjálfir ávallt greitt tollinn af áfengum drykkjum þeim, er hafa átt að fara til verzlunar yðar í Hafnarfirði, og flutt hafa verið til landsins með póstgufuskipinu, í R e y k j a v í k, af því að þar hafa í raun og veru fyrst verið sýnd skilríki fyrir gufuskipinu að undanförmu, enda fer því svo fjarri, að 4. gr. tilsk. 26. febr. 1872 hafi verið talin eiga við um Díönu, er hún kom til Seyðisfjarðar í júnimánuði síðastliðnum, að sýslumaðurinn þar heimtaði þvert á móti af gufuskipformanninum gjald af öllum tollskyldum vörum í skipinu, samkvæmt fyrirmælum 2. greinar í tjeðri tilskipun. En skipstjóri kvaðst eigi geta greitt gjaldið, og sá sýslumaðurinn sjer þá eigi annað fært, til þess að stöðva ekki póstgufuskipið, en að heimta aðeins gjald af þeim vörum, sem áttu að fara til Seyðisfjarðar.

Það leiðir af sjálfu sjer, að eptir því sem að framan er sagt, finnst ráðgjafanum alls engia ástæða til að breyta úrskurðum þeim, er áður hafa lagðir verið á málið.

— *Umboðsskrá konungs handa ritara við landshöfðingjaembættið, Jóni Jónssyni, til að gegna störfum þeim viðvíkjandi fjárkláðasýkinni, sem hvila á lögreglustjórum á Íslandi.*

115
26. sept.

CHRISTIAN HINN NÍUNDI af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gotna, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stór- mæri, Þjóðmerski, Láenborg og Aldinborg.

Vita skalt þú, Jón Jónsson, ritari við landshöfðingjaembættið á Voru landi Íslandi, að með því að fyrir Oss hefir flutt verið, að enn sje eigi fengin vissa um, að kláðasýki þeirri á